

Mánudaginn 18. desember 1989.

Nr. 274/1987. **Guðmundur Jóhannsson**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

Valgeiri Kristinssyni hrl.

f.h. Pedro Möbler A/S

(Valgeir Kristinsson hrl.).

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1987 og gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 17. júlí 1987. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 19. júní 1987. Innköllun var gefin út 23. október sama ár og fyrst birt í Lögbirtingablaði 6. nóvember sama ár. Á skiptafundi 29. febrúar 1988 var ákveðið, að þrotabúið gengi ekki inn í mál þetta. Með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 27. nóvember 1989 var Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni veitt heimild til að fara með málið „fyrir Hæstarétti, enda sé það án kostnaðar fyrir þrotabúið“. Í yfirlýsingu skiptaráðanda 14. desember sl. segir, að bréf þetta beri ekki að skilja svo, að þrotabúið óski að taka við aðild málsins, „heldur þannig, að búið hafi ekkert við það að athuga, þótt þrotamaður reki þessi mál, enda eru það hagsmunir hans í húfi, þar sem búið er sennilega alveg eignalaust“. Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að hann beindi kröfum sínum bæði að áfrýjanda persónulega

og þrotabúi hans. Samkvæmt 1. tl. 118. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, verður frávisunarkröfu hans því ekki sinnt.

II.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál á hendur áfrýjanda „persónulega og vegna einkafirmans Borgarhúsgagna“, en því vikið til almennrar meðferðar, eftir að áfrýjandi sótti sjálfur þing, lagði fram greinargerð og krafðist sýknu. Við fyrirtekt málsins 10. júní 1987 sótti áfrýjandi ekki þing, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnda og tekið fram, að aðeins væri óskað dóms á áfrýjanda persónulega. Hinn 30. júní 1987 var bæjarþing Reykjavíkur háð í þingstofu bæjarþings Hafnarfjarðar og mál þetta tekið fyrir. Þá var bókað: „Málið er endurupptekið til sóknar. Af hálfu stefnda er ekki sótt þing. Af hálfu stefnanda sækir þing Valgeir Kristinsson hrl. og leggur fram nr. 8-10 sókn og fskj. og málið í dóm. ... Málið er dómtekið.“

Er málið var dómtekið fyrra sinni 10. júní 1987, hafði stefndi lagt fram kröfu sinni til stuðnings vörureikning og farmskrírteini, stílað á Borgarhúsgögn. Nafn áfrýjanda var hvergi skráð á skjöl þessi, og ekki hafði verið lögð fram staðfesting pöntunar af hans hendi. Í greinargerð áfrýjanda til bæjarþingsins segir m.a.: „Undirritaður hefur aldrei persónulega pantað vörur þær, sem stefnandi heldur fram í máli þessu. Borgarhúsgögn eru ekki einkafyrirtæki mitt og hafa aldrei verið. Borgarhúsgögn er nafn á húsgagnaverslun, sem var í eigu G.J.-húsgagna.“

Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, gat stefndi, að því leyti sem nauðsynlegt var til að hnekkja því, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda, fengið frest til að afla gagna eða flytja sókn. Stefndi neytti eigi þessarar heimildar og lagði málið í dóm. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði bar nú að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda. Málatilbúnaði var svo áfátt af hendi stefnda, að vísa átti málinu sjálfkrafa frá dómi. Þess í stað var málið án rökstuðnings endurupptekið „til sóknar“. Ekki verður á það fallist, að við þessar aðstæður hafi dómara verið rétt að endurupptaka málið. Ber því sjálfkrafa að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá bæjarþinginu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af máli þessu.

Ekki er fram komið, hvaða nauðsyn bar til að halda þing í máli þessu í Hafnarfirði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. júní sl., hefur hlutafélagið Pedro Möbler AS., Stordal, Noregi, höfðað fyrir dóminum með áskorunarstefnu, birtri 9. desember 1986, á hendur Guðmundi Jóhannssyni, nnr. 3082-4067, Eyjabakka 3, Reykjavík, persónulega og vegna einkafirma hans, Borgarhúsgagna, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 8.500,00 n.kr., auk vaxta og kostnaðar. Fallið hefur verið frá kröfum á hendur Borgarhúsgögnum.

Skuld þessi er samkvæmt reikningi, dagsettum 29. ágúst 1985, vegna kaupa stefnda á húsgögnum af stefnanda. Vörurnar voru sendar með ms. Jan frá Larvik í Noregi til Reykjavíkur samkvæmt farmskirteini, út gefnu 3. september 1985. Kaupandi hefur ekki greitt vörurnar. Stefnandi telur stefnda vera einkaeiganda firmans Borgarhúsgagna.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 8.500,00 n.kr. með 10% ársvöxtum frá 29. september 1985 til greiðsludags, „vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti auk málskostnaðar að skaðlausu“. Af stefnda hálfu var upphaflega sótt þing í málinu og greinargerð skilað. Var málinu af þeim sökum vikið til almennrar meðferðar, en síðan féll þingsókn niður af hálfu stefnda, og var málið þá dómtekið, eftir að stefnandi hafði skilað skriflegri sókn. Verður þá að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum og því, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, en í greinargerð hans var krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hélt því fram, að hann hefði aldrei persónulega pantað vörur þær, sem stefnandi krefur um greiðslu fyrir í málinu. Hann kvað Borgarhúsgögn ekki einkafyrirtæki sitt og aldrei hafa verið. Hann segir Borgarhúsgögn vera nafn á húsgagnaverslun, sem hafi verið í eigu G.J.-húsgagna.

Samkvæmt gögnum málsins er stefndi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri G.J.-húsgagna hf. Dagsetning samþykkt þess er 1. maí

1984. Þá er hann meðstjórnandi Borgarhúsgagna hf., en dagsetning samþykktu þess félags er 26. febrúar 1986.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi þykir bera að leggja til grundvallar, að stefndi hafi gert kaupsamninginn án þess að gera grein fyrir því, að hann semdi sem umboðsmaður hlutafélags, og verður hann þá að bera ábyrgð á efndum samningsins, sem stefnandi virðist hafa efnt að sínu leyti. Ber þá að fallast á kröfur stefnanda, eins og hér segir. Stefnda ber að greiða stefnanda höfuðstól kröfunnar ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og nánar greinir í dómsorði, en vaxtavextir fram til gildistöku vaxtalaga verða ekki dæmdir frá fyrri tíma en gildistöku vaxtalaga, nr. 25/1987, þar sem engin viðhlitandi grein er gerð fyrir vaxtavaxtakröfu í málalíbúnaði stefnanda.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnanda, Pedro Möbler AS, 8.500,00 norskar krónur með 10% ársvöxtum frá 29. september 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum, þ.m.t. vaxtavöxtum, skv. 11. gr., sbr. 12. gr., laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó eigi hærri en 10% ársvöxtum, og 13.000,00 kr. í málskostnað.
